

Reglur Borgarbyggðar um skólaakstur í grunnskóla

1.gr.

Gildissvið og orðskýringar

Um skólaakstur í Borgarbyggð gilda *Reglur um skólaakstur í grunnskóla, nr. 656/2009* með síðari breytingum, ásamt sérákvæðum samkvæmt þessum reglum.

Reglur þessar taka til skipulags skólaaksturs milli heimilis og grunnskóla.

Með skólaakstri er í reglum þessum átt við akstur á milli heimilis og grunnskóla innan skólahverfis.

Heimili í reglum þessum merkir skráð lögheimili nemanda.

2.gr.

Ábyrgð

Borgarbyggð ber ábyrgð á öryggi og velferð nemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi.

3.gr.

Um skipulag skólaaksturs

Borgarbyggð skipuleggur skólaakstur í dreifbýli og frá þéttbýliskjörnum utan Borgarness, þar sem grunnskólanemendur eiga lögheimili, og skal akstursvegalengd milli heimilis og skóla ekki vera minni en 1,5 km. Borgarbyggð skipuleggur einnig skólaakstur innan Borgarness. Gerðir eru samningar við verktaka um ákveðnar leiðir samkvæmt útboði hverju sinni. Við vissar aðstæður er heimilt að semja við forráðamenn nemenda um þátttöku þeirra í skólaakstri gegn greiðslu. Þetta á fyrst og fremst við þegar heimili nemanda er langt frá leið skólabíls og foreldrar geta keyrt barnið í veg fyrir skólabílinn.

Skipulag skólaaksturs skal taka mið af kennsluskipan, fjölda nemenda, öryggi þeirra og vegalengd milli skóla og heimilis. Daglegum skólaakstri ber að haga með þeim hætti að nemendum sé ekið heim sem fyrst eftir að skóladegi lýkur. Miða skal við að daglegur heildartími skólaaksturs sé að jafnaði ekki lengri en 120 mínútur. Eftir því sem við á skulu foreldrar/forsjármenn fylgja börnum sínum að skólabíl og taka á móti þeim eftir skóla.

Skólastjóri semur sérstaklega um aukaakstur, s.s. vegna félagsstarfa og vettvangsferða, og hefur heimild til að leita hagstæðasta tilboðs hverju sinni hjá þar til bærum aðilum.

Ekki er heimilt að taka aðra farþega í bílinn en grunnskólanemendur nema með sérstöku samþykki fræðslustjóra og/eða fræðslunefndar.

4.gr.

Akstursáætlun

Daglegur skólaakstur er í samræmi við samninga um skólaakstur sem í gildi eru hverju sinni.

Skólaaksturinn er skipulagður samkvæmt skólaakstursáætlun sem skólastjóri vinnur í samráði við fræðslustjóra fyrir hvert skólaár í samræmi við nemendafjölda og kennsluskipan. Fræðslustjóri leggur fram áætlun um skólaakstur við upphaf hvers skólaárs þar sem fram koma upplýsingar um fjölda

farþega, akstursleiðir, tímasetningar og fjölda akstursdaga á skólaárinu. Skipulagi skólaaksturs verður að öllu jöfnu ekki breytt innan skólaárs nema til komi fjölgun/fækkun grunnskólabarna sem nýta skólaakstur.

Áætlunina skal kynna skólaráðum grunnskólanna sbr. 8 .gr. laga nr. 91/2008 og skal hún vera íbúum sveitarfélagsins aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar og viðkomandi grunnskóla.

5.gr. Öryggi farþega

Bifreiðastjóri skal sjá til þess að nemendur séu í öryggisbeltum og skal ekki leggja af stað fyrr en öll öryggisatriði hafa verið uppfyllt.

Bifreiðastjóri leggur mat á hvort aðstæður séu með þeim hætti, t.d. vegna veðráttu eða ófærðar, að breyta þurfi út frá fyrirbyggjandi áætlun um daglegan skólaakstur. Tilkynna ber skólastjóra um slíkar breytingar án tafar.

Skólareglur, skv. 30. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, eiga við um framkomu og háttsemi nemenda í skólaakstri. Fara skal með brot á skólareglum skv. 14. gr. sömu laga.

Skólastjóri metur hvort þörf sé á gæslumanni í skólabifreið með hliðsjón af öryggi, fjölda, aldri nemenda og samsetningu nemendahópsins sem ferðast með bifreiðinni, vegalengd og öðrum aðstæðum.

Bifreiðastjóra ber að sýna sérstaka aðgát áður en nemendum er hleypt út úr skólabifreið.

6.gr. Fatlaðir nemendur

Nemendur sem sökum fötlunar geta ekki nýtt sér hefðbundinn skólaakstur eiga rétt á ferðaþjónustu til og frá skóla, skv. 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, þeim að kostnaðarlausu.

7.gr. Öryggi og búnaður skólabifreiða

Bifreið sem notuð er í skólaakstri skal uppfylla skilyrði til aksturs með grunnskólabörn samkvæmt lögum þar um, reglugerðum og settum reglum um öryggi farþega, gerð, búnað og notkun öryggis- og verndarbúnaðar og merkingu bifreiða sem í gildi eru á hverjum tíma.

Í bifreiðum sem notaðar eru í skólaakstri skal vera farsími.

Hitastig er börn koma í bílinn í upphafi ferðar skal vera viðunandi.

8.gr. Bifreiðastjóri skólabifreiða

Bifreiðastjóri skólabifreiðar skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla.

Með vísan í starfsmannastefnu Borgarbyggðar skulu bifreiðastjórar skólabíla ekki vera eldri en 70 ára.

Óheimilt er að ráða bifreiðastjóra til skólaaksturs eða gæslumann í bifreiðina sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við undirritun samnings við verktaka skal liggja fyrir sakavottorð þess bílstjóra sem ráðinn er til að aka bifreiðinni, sbr. 3.mgr. 11. gr. laga nr. 91/2008.

Bifreiðastjóri skal kappkosta að gera hverja ferð sem þægilegasta fyrir farþega sína og halda áætlun eins og kostur er.

Komi upp vandamál í skólabíl, svo sem vanlíðan, einelti eða stríðni, eða verði bílstjóri var við að eitthvert barnanna eigi í erfiðleikum ber honum að ræða það við skólastjóra og/eða foreldra.

Ákvæði um þagnarskyldu starfsfólks skóla og tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda taka til bifreiðastjóra skólabifreiðar þó hann sé ekki starfsmaður sveitarfélagsins.

9.gr.

Um meðferð ágreiningsmála

Telji forráðamaður nemanda einhverju áfátt í fyrirkomulagi skólaaksturs eða að á rétti barns sé brotið getur hann leitað leiðréttingar hjá skólastjóra, fræðslustjóra eða fræðslunefnd.

Reglur þessar voru samþykktar í fræðslunefnd Borgarbyggðar 10. júní 2013
og staðfestar af sveitarstjórn 13. júní 2013